

Blink

Uppsetning og reglur leiksins



Hvað er í pakkanum

- 60 spil með mismunandi táknum
- Járndós

Markmið

Vertu fyrstur til að losna við spilin á hendi.

Uppsetning

1. Stokkið spilin, gefið í tvo jafna bunka.
2. Setjið sinn hvorn bunkann á borðið fyrir framan hvorn leikmann á grúfu.
3. Setjið efsta spilið úr sitt hvorum bunkanu á grúfu í miðjuna á milli leikmannanna. Spilin á að setja við hliðina á hvor öðru, svo þau eru aðgengileg báðum leikmönnum.
4. Hvor leikmaður dregur þrjú efstu spilin úr sínum bunka og hefur á hendi. Leikmenn mega sjá spilin sem þau hafa á hendi.

Að spila leikinn

1. Leikmenn snúa við samtímis spilinu sem þeir settu á grúfu í miðjuna, og leikurinn byrjar.
2. Án þess að bíða og skiptast á að setja út spil, þá eiga leikmenn að keppast til að setja spilin út, á annan hvorn bunkann í miðjunni. Að spila út spili eru einungis 3 reglur: - Sami litur á sama lit, eins form á eins form og jafn margir á jafn marga .
Til dæmis, spil með fjórum gulum stjörnum má setja ofan á hvaða spil með gulum táknum (litur), eða á hvaða spil með stjörnum á (form), eða á spil með hvaða fjórum táknum á (fjöldi).
3. Þegar spil er sett út, þá fylla leikmenn á hendina hjá sér í þrjú spil frá eigin bunka. Leikmenn *mega aðeins* hafa þrjú spil á hendi í einu.
4. Leikurinn heldur áfram þar til einn leikmannanna er búin með spilin á hendi og bunkann sinn.



Að vinna leikinn

Fyrsti leikmaðurinn sem er alveg búin(n) með spilin sín vinnur BLINK.



BLINK skýringar:

1. Leikmaður má ekki spila út fleiri en einu spili í einu.
2. Það getur komið fyrir að báðir leikmenn geti ekki sett út spil á hvorugan bunkann, þá er staldrað við og:
 - Ef báðir leikmenn eru með spil eftir í bunkanum sínum, þá taka báðir leikmenn efsta spilið úr bunkanum sínum og setja það á sitt hvorn bunkann í miðjunni og er það látið snúa upp.
 - Ef annar leikmaðurinn eða báðir hafa tæmt bunkana sína, þá draga báðir leikmenn eitt spil af hendi hjá sér og samtímis setja þau sitt hvort spilið í bunkana í miðjunni, það á að snúa upp, og leikurinn heldur áfram.
 - Ef báðir leikmenn eru aðeins með eitt spil hvor, þá endar leikurinn með jafntefli.
3. Af því að BLINK er hraður leikur, þá eru margir leikmenn sem kjósa að spila best af þremur eða best að fimm leiki til að ákveða sigurvegarann.